




Staða mála í desember 2016

Búið er að leggja fyrir þær skimanir sem lagðar eru fyrir á haustin samkvæmt skimunarplani. Niðurstöðurnar skimanna voru lagðar fyrir í foreldraviðtölum viðkomandi bekkja. Á nokkrum stöðum í grunnskólunum þurfti að grípa til aðgerða og hefur sviðsstjóri fengið aðgerðaráætlun þar sem við á.

Hljóm-2 niðurstöður komu einkar vel út líkt og í fyrra og ljóst að það góða starf sem unnið er í leikskólunum okkar er að skila sér. Börnum með góða færni hefur fjölgað töluvert og dregið úr slakri færni og meðalfærni. Öll börn fara í Hljóm-2 prófið og við getum ekki annað en verið nokkuð sátt við niðurstöðurnar.



Menntamálastofnun hefur nú loksins gefið út viðmið um leshraða en eftir þeim var beðið svo hægt væri að fara í endanlega útgáfu lestrarstefnu sveitarfélagsins. Stefnt er að útgáfu sem fyrst en skólar eru farnir að vinna eftir henni.

Von er á niðurstöðum sveitarfélagsins í PISA 2015 á næstu dögum. Það sem við vitum í dag er að Vestfirðir hækkuðu sig í öllum greinum frá því 2012 um tólf stig í náttúruvísindum, níu stig í stærðfræði og eitt stig í lesskilningi. Verkefnið framundan er að bæta sig enn meira, það ætlum við að gera fyrir börnin okkar.

Niðurstöður samræmdra prófa gáfu okkur örlitla bjartsýni á mörgum stöðum en hvöttu okkur enn til dáðar á öðrum stöðum þar sem mikið verk er að vinna. Nánari útlistun á niðurstöðunum verða lagðar fyrir fræðslunefnd í janúar 2017.

MH